

Á réttu róli?



Skólaþing sveitarfélaga
4. nóvember 2019

Á hvaða ferðalagi er skólinn? – tilraun til gagnrýnninnar umfjöllunar

Jón Torfi Jónasson, Menntavísindasviði HÍ

jtj@hi.is, <http://uni.hi.is/jtj/>



UNIVERSITY OF ICELAND
SCHOOL OF EDUCATION

Á réttu róli

Þakklátur að fá að vera með.

Er íslenska skólakerfið á réttu róli? Tvö skýr og afdráttarlaus svör: Já - og nei!

Já -

Ég held að íslenska kerfið sé sveigjanlegra í skipulagi og fagmennsku og frumkvæði en fjölmörg önnur kerfi! Það skili frá sér stórum hópum vel menntaðra öflugra ungmenna.

Þeir sem koma á svona ráðstefnu koma úr mjög ólíkum áttum, hafa ólík áhyggjuefni og ólíkan skilning á hlutunum.


Nei – ekki alveg, það er einkum þrennt sem þarf að breytast – mikið:


- Hvernig fjölmargir hagsmunaaðilar hafa samráð og komast að samkomulagi.
- Hvernig rætt er um inntak eða viðfangsefni menntakerfisins þannig að það sinni **öllum** nemendum sínum vel og **í takt við tímann**.
- Hvernig rætt er um og staðið að stjórnun kerfisins, einkum því er lýtur að framþróun.



Samtal fólks, ólíkra hagsmuna og sjónarmiða


- Fundir, nefndir, samráð, ráðstefnur, skipta litlu ef tölum ekki saman – hlustum ekki hvert á annað.
- Við verðum að vanda okkur við skilja hvert annað og viðurkenna - þá skiljanlegu -hagsmuni sem ráða afstöðu og skoðunum.
- Samtalið ræktað – fyrir því eru praktísk en ekki rómantísk rök






Ótal mikilvægir heimar – hagsmunaaðila – ekki einfalt að tryggja að þeir tali saman í raun






Ótal mikilvægir heimar – hagsmunaaðila – ekki einfalt að tryggja samtalið





Ótal mikilvægir heimar – hagsmunaaðila – ekki einfalt að tryggja samtalið






Inntak menntunar og skólastarfs – um hvað gæti það snúist

Svo það fari ekki á milli mála þá tel ég þetta mikilvægasta og vanreifaðsta verkefni skólans.

Það er eins og fjölmörgum sé fyrirmunað að skilja að þetta er brýnasta verkefni aðstandenda skóla á hverjum tíma.

Í þessu efni liggur að mínu mati mesta tilefni breytinga – þarna liggur líka mesta íhaldssemin og þröngsýnin. Samt sem áður, þegar á heildina er litið, sýnist mér íslenskt kerfi vera kvikara og opnara, ekki aðeins í skipulagi en einnig í inntaki, en það sem mér finnst ég sjá víða(st) annars staðar. En það dugur frekar skammt.



7 Education Trends to Watch in 2019

Kristína James





Which education trends are capturing the collective imagination this year? Spoiler alert: It's not just technology changing the classroom environment. Here are seven trends you're likely to see more of in the year ahead.



1. Artificial Intelligence (AI)

1. Gervigreind
2. Síndarveruleiki
3. Bálkakeðjur – rafmyntir
4. Nemendur breytingaafi
5. Leikjavæðing
6. Kvik núvítund

- Artificial Intelligence (AI)
- Virtual Reality (VR)
- Blockchain –
- Students as Change Agents
- Gamification
- Dynamic Mindfulness




August 23, 2019 / Erika Thomas
Artificial Intelligence (AI) in Education Market Growing at a CAGR of +38% during forecast period 2019-2024, Focusing on top key players like IBM, Pearson, Microsoft, AWS, Nuance, Cognizant, Metacog and others



Sigrún Aðalbjarnardóttir

Lífssögur ungs fólks

Samskipti, áhættu hegðun, styrkleikar




SKÓLAR LÝÐRÆÐI

UM BORGARAMENNTUN




Menntun - skólastarf






Nýr heimur eða nýir
heimar menntamála???
Skólamála?
Hvað tilheyrir menntun?
Hvað tilheyrir skólanum?



Nýr heimur eða nýir
heimar menntamála???
Skólamála?
Hvað tilheyrir menntun?
Hvað tilheyrir skólanum?



Ótal mikilvægir heimar – hagsmunaaðila – ekki einfalt að tryggja samtalið





Kerfið – ætti það að þróast, breytast – getur það breyst?

Hvað einkennir breytingarnar? Hvað stýrir þeim?

5. Kerfisrek – starfsemi fer inn í kerfi sem verður smám saman einsleitara.

Mest af þeirri þróun ræðst af tvennu. Annars vegar tekur samfélagið ríkari ábyrgð á þessari starfsemi og jafnframt er skýr ásetningur um að jafna aðstöðu allra nemenda og þeim standi allar leiðir opnar. Ég tel að hvoru tveggja sé mjög farsælt og við séum komin lengra en flestir aðrir í þessu efni. Þegar litið er til annarra þjóða þá skal varast að taka upp skipulag eða starfshætti sem eru ekki eins langt komnir að þessu leyti.

Hér á skólapingi Sambands íslenskra sveitarfélaga nefni ég tvennt í þessu sambandi:

- a) Er eðlilegt næsta skref í þessari þróun að framhaldsskólinn sé einnig á herðum sveitarfélaganna til þess að auðvelda samfellu á milli þessara skólastiga og jafnvel aðra verkaskiptingu? Ég tel sumt mæla með því en bendi á að sterkur starfsmenntaþáttur í starfi framhaldsskólastigsins gæti orðið mörgum sveitarfélögum þungur í skauti. En auðvitað geta ríki og sveit unnið þetta verkefni í sameiningu og þá umræðu ætti að taka upp.
- b) Í tengslum við það gæti verið gagnlegt að hugsa stigin eða áherslurnar í kerfinu öðru vísi en nú, t.d. gæti ég rökstutt 6+6+6 ára skóla (18 ára leik-, grunn- og framhaldsskóla) – eða 2-5-7-5. Eitt leyfisbréf fyrir kennara opnar áhugaverðar þróunarleiðir í þessu sambandi.

Um frumkvæði - frumkvæðisskyldu

Hver er frumkvæðisskylda sveitarfélaganna? Hvert er eiginlegt frumkvæðishlutverk sambandsins?

Í þessu sambandi er rétt að nefna frumkvæði Reykjavíkurborgar, með sína menntastefnu. Meining með flutningi grunnskólans til sveitarfélaganna var – að því er mér fannst alltaf, að láta það eftir borginni – að fá að vera aftur ríki í ríkinu. Með menntastefnu sinni hefur borgin staðfest að hún er vandanum vaxinn – ég vona bara að hún haldi þessu verkefni til streitu, hafi úthald. Öll útfærslan er sérlega áhugaverð og fagleg, en getur í sjálfu sér aldrei tekið enda.

En hvað með hina? Jú, stærri, en einkum ríkari sveitarfélögin geta beitt afli sínu vel - þau verða þó að fá stuðning sem er ekki minni en sá sem Reykjavík leggur til. Ég hef lagt til að Sprotasjóður gegni ámóta hlutverki og sjóður borgarinnar en hann þyrfti líka stuðningskerfi á móts við það sem borgin leggur til; það væri eðlilegt a.m.k. að fjórfalda sjóðinn og byggja hann síðan áfram upp. Þar tel ég að **Grunnur**, ætti að leika miklu stærra hlutverk – því það samkrull gæti virkað sem innanhúss apparat á borð við nýsköpunarsvið borgarinnar. En kannast ekki við að verið sé að bretta upp ermar í þessu efni.

Hvernig kemur öflugt og þarft frumkvæði félags- og barnamálaráðherra skólunum við, sem ég held að það geri aldeilis, en það er eins og sumum finnist það ekki – nema svona rétt? Sama á við um frumkvæði heilbrigðisráðherra og landlæknis. Þarna eru stigin mjög mikilvæg skref, en vonandi verða margar þessara hugmyndir felldar undir víðsýna hugmynd um menntun.

Hvernig tengist það svo frumkvæði menntamálaráðuneytis í kjölfar skýrslna um skóla fyrir alla? Hvernig tengist frumkvæði menntamálaráðuneytisins í mótun menntastefnu umræðu á meðal sveitarfélaganna? Eða afmörkuðum mikilvægum verkefnum svo sem átaki Menntamálstofnunar í lestrarmálum og þróun greiningartækja. Þarna er enn einu sinni ítrekað mikilvægi samráðs.

Eitt flóknasta málið er þetta: Vilji kennarar eða skólar ekki láta stýra starfi sínu að ofan, eru þeir þá reiðubúnir til að hafa frumkvæði að þeim sífelldu breytingum sem eru nauðsynlegar inni í skólastofunni – eða úti á vettvangi og hafa þeir burði til þess? Ég held að svarið sé já í báðum tilvikum, en er ekki viss.



Á hvaða ferðalagi er skólinn? Er hann á réttu róli?

Takk fyrir

